

T I L L A G A

að starfsreglum um fjármál Þjóðkirkjunnar.

Flm. Auður Thorberg Jónasdóttir, Einar Örn Björgvinsson, Konráð Gylfason.

I. KAFLI

Fjárhagsáætlun Þjóðkirkjunnar.

1. gr.

Þjóðkirkjan viðhefur ábyrgð, traust og gegnsæi í allri fjárstjórn sem endurspeglast í öllum stjórnarháttum hennar. Sundurliðuð fjárhagsáætlun skv. 5. gr ásamt ársreikningum skal birta á heimasíðu kirkjunnar. Allar fjárskuldbindingar og samningar sem gerðir eru fyrir hönd kirkjunnar skulu birtir á opnu vefsvæði kirkjunnar að fenginni heimild hins samningsaðilans.

Rekstur Þjóðkirkjunnar greiðist samkvæmt fjárhagsáætlun sem kirkjuþing samþykkir fyrir hvert almanaksár.

Óheimilt er að inna af hendi greiðslu nema heimild sé til þess í samþykktri fjárhagsáætlun.

2. gr.

Í fjárhagsáætlun kirkjuþings skal gera ráð fyrir sérstakri fjárheimild til að bregðast við útgjöldum sem brýna nauðsyn ber til að inna af hendi, eru tímabundin, ófyrirsjáanleg, óhjákvæmileg og ekki er unnt að bregðast við með öðrum hætti samkvæmt starfsreglum þessum. Fjárheimild þessi skal nema að lágmarki 1% af heildarútgjaldaliðum fjárhagsáætlunar. Greiðslur af fjárheimild skv. 1. mgr. eru ákvarðaðar af framkvæmdastjóra Þjóðkirkjunnar. í samráði við stjórn.

Sé fjárheimild skv. 1. mgr. nýtt skal gera grein fyrir því í umfjöllun um ársreikning Þjóðkirkjunnar á kirkjuþingi.

3. gr.

Mynda skal varasjóð sem safna skal í uns höfuðstóll hans verður 25% af árlegri heildargagngreiðslu frá ríkinu til Þjóðkirkjunnar. Skal leggja í hann a.m.k. 15% af tekjuafgangi fjárhagsársins, að frádregnu tapi sem hefur verið flutt frá fyrra ári. Enn fremur er stjórn Þjóðkirkjunnar heimilt að verja andvirði seldra fasteigna Þjóðkirkjunnar í sama skyni.

Úr varasjóðnum er heimilt að jafna tap á rekstri Þjóðkirkjunnar, sem ekki er hægt að jafna með öðrum hætti. Greiðslur úr varasjóðnum eru ákvarðaðar af kirkjuþingi og þarf 2/3 hluta atkvæða miðað við fullskipað þing til að ákvörðun um greiðslu teljist gild.

II. KAFLI

Gerð fjárhagsáætlunar.

4. gr.

Framkvæmdastjóri leggur fram tillögu að fjárhagsáætlun. Skal sú vinna hefjast eigi síðar en í september mánuði ár hvert vegna fjárhagsáætlunar næsta árs. Fjárhagsáætlun skal sundurliðuð í samræmi við ákvæði 5. og 6. gr. Drög fjárhagsáætlunar liggi fyrir eigi síðar en í september ár hvert og skal kynna þau helstu hagaðilum. Um málsmeðferð vegna úthlutunar styrkja fer samkvæmt IV. kafla starfsreglna þessara.

5. gr.

Fjárhagsáætlun skal sett fram með áætluðum heildartekjum, þ.m.t. sértekjum Þjóðkirkjunnar á árinu svo og með heildargjöldum.

Fjárhagsáætlun skal sett fram í samræmi við almennt viðurkennd og góð viðmið við gerð slíkra áætlana og skal m.a. gæta samræmis við uppsetningu bókhalds Þjóðkirkjunnar. Framkvæmdastjóri setur nánari verklagsreglur um framsetningu fjárhagsáætlunar í samráði við stjórn.

6. gr.

Í fjárhagsáætlun skal gera ráð fyrir framlagi af árlegu gagngjaldi ríkisins á grundvelli viðbótarsamnings íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar frá 6. september 2019 til verkefna eftirtalinna sjóða kirkjunnar:

a. Kristnisjóður, sbr. áður II. kafla laga um Kristnisjóð o.fl. nr. 35/1970, með síðari breytingum, er skal aldrei vera lægra en 0,5%.

b. Jöfnunarsjóður sókna, sbr. áður II. kafla laga um sóknargjöld o.fl. nr. 91/1987, með síðari breytingum, er skal aldrei vera lægra en 10%.

Sé talin nauðsyn á að skerða fjárheimild til þessara liða frá því lágmarki sem ákveðið er í starfsreglum þessum, skal sú ákvörðun tekin á kirkjuþingi og þarf 2/3 hluta atkvæða miðað við fullskipað þing.

III. KAFLI

Umsóknir um framlög og styrki.

7. gr.

Umsóknir um styrki samkvæmt 6. gr. skulu berast Þjóðkirkjunni fyrir 1. september ár hvert og úthlutun lokið 1. febrúar árið á eftir.

Styrkir skulu að jafnaði greiðast á því ári sem þeir eru veittir. Ef brýna nauðsyn ber til, má, að ósk styrkþega, færa styrk milli ára einu sinni, s.s. ef framkvæmdir hafa farið seint af stað eða ekki hefur verið unnt að greiða út styrkinn af öðrum ástæðum. Sé ekki hægt að greiða styrkinn út innan þess tíma fellur styrkur niður. Beiðni um yfirfærslu á næsta ár skal lögð fram fyrir 1. desember úthlutunarárs.

IV. KAFLI

Málsmeðferð við úthlutun styrkja skv. 6. gr.

8. gr.

Kirkjuþing kýs nefnd til fjögurra ára sem úthlutar styrkjum skv. 6. gr. Kjósa skal þrjú aðalmenn og þrjú varamenn, sem taka sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Kirkjuþing ákveður hver er formaður nefndarinnar og varaformaður.

Hlutverk úthlutunarnefndar er að fjalla um styrkumsóknir og veita úrlausn um þær.

Úthlutunarnefnd ber að fjalla um allar umsóknir og skal rökstyðja niðurstöðu sína, sé þess óskað af hálfu umsækjanda.

9. gr.

Úthlutunarnefnd skal hafa lokið yfirferð yfir allar umsóknir fyrir 15. nóvember og skulu tillögur að úthlutunum þá sendar til umsagnar héraðsnefnda.

Heimilt er að veita viljröi fyrir styrk til allt að fjögurra ára.

Ákvæði starfsreglna um þingsköp kirkjuþings, sem varða sérstakt hæfi, gilda um fulltrúa í úthlutunarnefnd.

Framkvæmdastjóri setur nánari verklagsreglur um málsmeðferð vegna styrkja, samkvæmt starfsreglum þessum í samráði við stjórn.

V. KAFLI

Framkvæmd árlegrar fjárhagsáætlunar.

10. gr.

Fjárhagsáætlun komandi árs skal samþykkt á haustþingi ár hvert. Framkvæmdastjóri annast um framkvæmd samþykkrar fjárhagsáætlunar og eftirlit með tekjum og gjöldum samræmi við góða starfshætti.

Komi fram frávik frá samþykkttri fjárhagsáætlun skal framkvæmdastjóri, í samráði við stjórn bregðast við.

VI. KAFLI

Ársreikningur.

11. gr.

Ársreikningur Þjóðkirkjunnar skal gerður fyrir hvert almanaksár.

Reikningsskil skulu vera í samræmi við viðurkenndar bókhalds- og reikningsskilareglur. Skal reikningurinn áritaður af stjórn og endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda.

Kirkjuþing kýs endurskoðanda, eða staðfestir kjör þess sem fyrir er, á vorþingi ár hvert.

Ársreikningurinn skal lagður fyrir kirkjuþing að vori.

VII. KAFLI

Ritun firma og prókúra.

12. gr

Meiri hluti stjórnar Þjóðkirkjunnar er bær til þess að rita firmað Þjóðkirkjan og gera bindandi löggæringa. Felst m.a. í því heimild til að rita undir öll skjöl er varða fasteignir Þjóðkirkjunnar svo sem kaupsamninga, afsöl, leigusamninga, veðleyfi, skuldabréf og skiptasamninga.

Stjórnin veitir framkvæmdastjóra prókúruumboð og getur einnig veitt öðrum starfsmönnum Þjóðkirkjunnar heimild til að rita firmað Þjóðkirkjan sem og prókúruumboð.

VIII. KAFLI

Gildistaka.

13. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma falla brott starfsreglur um fjármál Þjóðkirkjunnar nr. 13/2021-2022, með síðari breytingum.

Greinargerð.

Á 65. kirkjuþingi 2023-2024, var í 50. máli samþykkt þingsályktun um skipan nefndar til að endurskoða starfsreglur um fjármál og fjalla um tillögur um innri endurskoðun stjórnarheilda íslensku Þjóðkirkjunnar. Ályktunin er svo hljóðandi:

Kirkjuþing beinir því til forsætisnefndar að skipa nefnd til að endurskoða starfsreglur um fjármál Þjóðkirkjunnar. Þeirri nefnd verði jafnframt falið að taka til umfjöllunar tillögu um innri endurskoðun stjórnarheilda íslensku Þjóðkirkjunnar (mál nr. 50 2022-2023). Skal nefndin skila vinnu sinni fyrir haustþing 2024“.

Forsætisnefnd samþykkti á fundi sínum þann 4. apríl 2024 að skipa í nefndina þá kirkjuþingsfulltrúa sem flytja mál þetta.

Starfsreglur um fjármál þjóðkirkjunnar eru upphaflega frá árinu 2020.

Tillaga þessi miðar að því að einfalda regluverkið og stytta. Er það í samræmi við almenna þróun undanfarinna ára á því sem starfsreglur kirkjuþings taka til. Sú þróun byggist m.a. á breyttu og einfölduðu lagaumhverfi kirkjunnar. Í tillögunum er höfð hliðsjón af því að umgjörð fjármála þjóðkirkjunnar er nú hið almenna rekstrar- og starfsumhverfi í stað þess opinbera umhverfis og regluverks sem áður var. Tekið var tillit til nýs skipulags Þjóðkirkjunnar og

tímarammi fjárhagsáætlunar færður. Nefndin telur langar ítarlegar greinar úr nágildandi starfsreglum, henta betur sem verklagsreglur en tilheyra nýjum starfsreglum.

Nefndin fjallaði um tillögu um innri endurskoðun stjórnarheilda íslensku Þjóðkirkjunnar og lítur svo á að stjórn Þjóðkirkjunnar, kirkjuþing sem og nefndir fari með málefni innri endurskoðunar. Auk þess er ársreikningur Þjóðkirkjunnar endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda. Ekki er talin þörf á sérstökum innri endurskoðanda þar sem slíkt embætti hefði í för með sér aukin og óþörf fjárútlát.

Einnig er litið til þess að þegar hafa myndast ákveðnir verkferlar og viðmið sem unnið er eftir á sviði fjármála.

Fella má brott ákvæði sem þegar er efnislega að finna í öðrum starfsreglum t.d. um aðgang kirkjuþingsfulltrúa að upplýsingum og um sérstakt hæfi.

Ítarlegar reglur um t.d. úthlutanir úr sjóðum o. fl. verða eftirleiðis í ríkara mæli settar í formi verklags- og vinnureglna.

Um einstök ákvæði tillögunnar.

Ákvæði tillögunnar skýra sig sjálf að mestu leyti. Þó þykir rétt að fjalla um eftirfarandi greinar tillögunnar nokkru nánar.

Um 3. gr.

Lagt er til að tekin verði upp heimild til að verja andvirði seldra fasteigna Þjóðkirkjunnar til varasjóðs kirkjunnar.

Um 4. gr.

Í framkvæmd hefur komið í ljós að vart er raunhæft að vinna hina árlega tillögu að fjárhagsáætlun og kynna fyrr en í fyrsta lagi í september mánuði undanfarandi árs. Þá fyrst liggja fyrir glöggar upplýsingar um tekjur Þjóðkirkjunnar af viðbótarsamningi ríkis og kirkju frá 2019. Því er lögð til sú breyting að fjárhagsáætlun skuli unnin og lögð fram í september mánuði í stað maí – og júní mánaða eins og nú er.

Um 5. gr.

Ákvæði þetta er einfaldað frá því sem er í núverandi 5. gr.

Rétt og eðlilegt er að fjárhagsáætlun sé sett upp í samræmi við það sem almennt tíðkast í atvinnulífinu þar sem stuðst er við viðurkennd og góð viðmið í vinnslu og framsetningu. Mikilvægt er að uppsetning áætlunar kallist á við skipulag og framsetningu bókhalds Þjóðkirkjunnar. Það auðveldar eftirlit og reglulegan samanburð og gerir stjórnendum kleift að bregðast hratt við breyttum forsendum eða öðrum þáttum sem kunna að hafa áhrif á fjárstjórn og rekstur. Framkvæmdastjóra er falið að setja nánari verklagsreglur í samráði við stjórn. Þess er

vænst að slíkar reglur mótist og þróist, verði skrásettar og séu þannig aðgengileg heimild kirkjuþingsfulltrúum, lykilstjórnendum og öllum þeim sem ábyrgð bera á fjárstjórn kirkjunnar.

Um 6. gr.

Ákvæði þetta er einnig einfaldað og stytta líkt og 5. gr. Það leysir af hólmi núgildandi 6. gr. og 7. gr. verði tillaga þessi samþykkt. Mikilvægt er að því sé haldið til haga að hluti af greiðslum ríkisins samkvæmt áður nefndum viðbótarsamningi koma tímabundið í stað greiðslna í nefnda sjóði samkvæmt kirkjujarðasamkomulagi Þjóðkirkju og ríkis frá 1997. Sjóðir þessir, sem voru lögbundnir, eiga sér ákveðna sögu og skýringar. Til viðbótar því er mikilvægt að tryggja að verkefni sjóðs safnaðanna, sem lög nefndu Jöfnunarsjóð sókna, eigi áfram tryggja tilvist í starfsreglum kirkjuþings. Söfnuðir Þjóðkirkjunnar hafi þannig eftir sem áður tryggingu fyrir því að unnt sé að veita fjárstuðning þeim söfnuðum sem á því þurfa mest að halda. Nefndin telur því sjálfsagða og eðlilega öryggisreglu að aukinn meiri hluta kirkjuþings þurfi til að samþykkja hugsanlega skerðingu á framlögum til sjóðanna frá því sem almennt er ákveðið í ákvæðinu.

Um 8. gr.

Lagt er til að hin fortakslausu regla um rökstuðning niðurstöðu úthlutunar í hverju tilfelli verði breytt þannig að umsækjendur eigi rétt á rökstuðningi óski þeir þess.

Um 9. gr.

Lagt er til hvað varðar sérstakt hæfi nefndarmanna í úthlutunarnefnd að vísað sé í almennar reglur þingskapa kirkjuþings um sérstakt hæfi í stað núgildandi ákvæðis í 3. mgr. 10. gr. Gert er ráð fyrir að sú almenna regla að framkvæmdastjóri setji, í samráði við stjórn, verklagsreglur um ýmsa þætti við fjármálastjórn Þjóðkirkjunnar, taki einnig til verklagsreglna um málsmeðferð við úthlutun styrkja.